

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2020, miðvikudaginn 25. nóvember, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði I. Halldórssyni, Þresti Ríkharðssyni og Halldóri Frímanssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 11/2020:

Knattspyrnufélag Reykjavíkur
gegn
Knattspyrnusambandi Íslands

Gögn málsins merkt nr. 1-8 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélag Reykjavíkur,
kt. 700169-3919
Frostaskjóli 2, Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Jónas Kristinsson

Kærði:

Knattspyrnusamband Íslands
kt. 700169-3679
Laugardalsvelli, 104 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Klara Bjartmarz

Með dómi Áfrýjunardómstóls KSÍ, nr. 1/2020 frá 20. nóvember s.l. var frávísunarúrskurður í máli nr. 11/2020 felldur úr gildi og málinu vísað til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til efnismeðferðar. Samkvæmt þessu verður málið nú tekið til efnismeðferðar.

Kröfur:

Af hálfu kæranda er þess krafist að ákvörðun stjórnar KSÍ frá 30. október 2020 um að hætta keppni í Íslandsmótum og bikarkeppni KSÍ verði felld úr gildi.

II.

Ekki er ágreiningur milli aðila um málavexti og verða þeir eingöngu reifaðir stuttlega.

Þann 17. júlí 2020 setti stjórn Knattspyrnusambands Íslands (hér eftir „KSÍ“) reglugerð um viðmiðanir og sérstakar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, eða svonefnda Covid reglugerð. Í Covid reglugerðinni voru m.a. settar fram reglur um hvernig ljúka skuli mótum

takist ekki að leika alla leiki innan þess tíma sem niðurröðun gerði ráð fyrir við upphaf móts og þá voru síðustu mögulegu mótlok ákveðin þann 1. desember 2020. Þegar reglugerðin var sett þá hafði faraldurinn þegar haft margvísleg áhrif á mótahald á vegum KSÍ og m.a. tafið upphaf móta.

Í ljósi hertra sóttvarnaáðgerða vegna kórónuveirufaraldursins var öllu mótahaldi á vegum KSÍ frestað um viku þann 7. október 2020 en í kjölfar þess tóku við frekari frestanir m.t.t. sóttvarnaáðgerða.

Þann 30. október 2020 var reglugerð nr. 1051/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar birt. Með reglugerðinni var m.a. lagt bann við íþróttaiðkun frá 31. október til og með 17. nóvember 2020. Á fundi stjórnar KSÍ þann sama dag var tekin ákvörðun um að hætta keppni í Íslandsmótum og í bikarkeppnum karla og kvenna og ákveðið að úrslit færu eftir þeim reglum sem settar höfðu verið með Covid reglugerðinni sem og niðurstaða um færslur á milli deilda og þátttökurétt liða í Evrópukeppni 2021.

III.

Af hálfu kæranda er byggt á því að stjórn KSÍ hafi verið óheimilt að setja Covid reglugerðina þar sem hún fari gegn lögum sambandsins og rekist að auki á við aðrar reglugerðir. Þannig geti stjórn KSÍ aðeins sett reglugerðir til framkvæmdar á lögum KSÍ. Stjórnin geti hins vegar ekki sett reglur sem fara gegn lögum KSÍ eða einhliða breytt lögum. Þá verði að telja að stjórnin geti ekki breytt reglugerðum sem þingið hafi sett.

Vísar kærandi til 33.4. gr. laga KSÍ:

Í öllum landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

Þá vísar kærandi enn fremur til 33.5. gr. laga KSÍ:

Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykkestar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ

Að mati kæranda geti stjórn KSÍ ekki sett reglugerð sem heimili aðra útfærslu á knattspyrnumótum sambandsins en lög þess tilgreina. Lög KSÍ heimili hvorki né geri ráð fyrir því að úrslit móta ráðist á annan hátt en samkvæmt stigakeppni þar sem lið mætast í tvöfaldri umferð, þar sem hvert lið mætir hverju hinna liðanna tvívegis, heima og að heiman.

Í lögum og reglugerðum KSÍ sé gert ráð fyrir því að hægt sé að bregðast við þegar meiriháttar atvik verða og leikur eða eftir atvikum leikir verða ekki spilaðir. Þannig segir í 15.6. gr.

„Farist kappleikur fyrir eftir ákvörðun dómara eða mótanefndar vegna veðurs, ástands vallar eða annarra óviðráðanlegra orsaka eða leik er hætt áður en fullum leiktíma er náð skal dómari tilgreina ástæður í skýrslu til mótanefndar. Mótanefnd skal að teknu tilliti til aðstæðna ákvarða hvort úrslit skulu standa sé leikur flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínútu er dómari flautaði leik af. Miðað skal við að leik sé framhaldið frá þeirri mínútu sem honum var hætt, ef við verður komið og þá skv. forsendum um þátttöku leikmanna sem mótanefnd ákveður. Sé leikaðili í sök skal mótanefnd taka tillit til þess við ákvörðun sína um hvort úrslit skuli standa ef leikur er

flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínútu er dómari flautaði leik af. Hafi leikur ekki verið flautaður á skal hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið.“

Sé hér beinlínis gert ráð fyrir því að farist leikur fyrir vegna óviðráðanlegra orsaka og hafi leikur ekki verið flautaður á þá skuli hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið

Þá hafi stjórn KSÍ ekki heimild til þess að breyta formi stigakeppni né heldur að ákvarða hlutfallstölu stiga eða fara nokkra aðra leið til þess ráða úrslitum Íslandsmóta eða bikarkeppni. Gildi þar einu hver atvik séu enda hafi stjórn KSÍ enga heimild til að víkja lögum sambandsins til hliðar, hvorki tímabundið né varanlega. Einungis þing sambandsins sé til þess bært.

COVID-reglugerð stjórnar KSÍ fari með skýrum hætti gegn lögum KSÍ og þá um leið gegn því sem félögin hafa sjálf sett sér sem leikreglur á þingi sambandsins. Telur kærandi af sömu ástæðu ljóst að dagsetningin 1. desember 2020 hafi enga þýðingu. Ekki sé að finna heimild fyrir stjórn KSÍ að breyta lokadegi Íslandsmótsins. Ákvæði greinar 44.1. veitir stjórn KSÍ enga heimild til að fara gegn skýrum ákvæðum laga KSÍ.

Þá hafi meginþorri stjórnarmanna verið vanhæfir til að taka ákvörðunina þann 30. október 2020 vegna tengsla við félög sem hafi haft hagsmuni af hinni kærðu ákvörðun, sbr. m.a. formaður og varaformaður stjórnar KSÍ. Um þetta vísar kærandi til 1. og 6. tl. stjórnsýslulaga. Þetta leiði til vanhæfis stjórnarinnar í heild á þeim fundi er ákvörðunin var tekin.

IV.

Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku og barst svar þann 11. nóvember sl.

Af hálfu kærða er aðallega gerð krafa um frávisun málsins en til vara krefst kærði þess að kröfum kæranda verði hafnað.

Af hálfu kærða er því hafnað að með covid reglugerðinni hafi verið settar nýjar reglur sem fari í bága við ákvæði gr. 33.4 í lögum KSÍ.

Covid reglugerðin breyti ekki leikjafyrirkomulagi Íslandsmótsins, heldur fjalli hún um það hvernig skuli bregðast við ef ekki reynist unnt að ljúka Íslandsmótinu með þeim hætti sem gr. 33.4. kveði á um. Hvorki í gr. 33.4. né í öðrum ákvæðum laga KSÍ eða reglugerðum, sé að finna reglur um það hvernig skuli bregðast við og ákveða úrslit ef ekki takist að ljúka móti vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Ákvæði gr. 15.6. í reglugerð stjórnar KSÍ um knattspyrnumót, sem kærandi vísi til séu þýðingarlaus, bæði efnislega og formlega. Formlega þar sem um er að ræða reglu setta af stjórn KSÍ um það hvernig bregðast eigi við ef einstaka kappleikur ferst fyrir vegna óviðunandi aðstæðna og því gætu þær reglur ekki takmarkað heimildir stjórnarinnar til að setja nýjar eða aðrar reglur ef svo ber undir, en efnislega þar sem ákvæðið fjallar ekki um það tilvik að ekki sé hægt að ljúka móti vegna utanaðkomandi aðstæðna.

Með vísan til hlutverks stjórnar KSÍ og samkvæmt gr. 44.1. í lögum sambandsins, hafi það verið hlutverk og á ábyrgð stjórnar KSÍ að taka ákvörðun um það hvernig skyldi bregðast við ef þær aðstæður kæmu upp að ekki væri talið unnt að ljúka yfirstandandi móti.

Áður en til þess hafi komið að stjórn KSÍ stæði frammi fyrir þeirri ákvörðun setti stjórnin reglur og viðmiðanir fyrir slíka ákvörðun. Með þeim hætti setti stjórnin sér fyrirfram hlutlægar og málefnalegar viðmiðanir eða reglur sem hún ætlaði að notast við ef sú staða kæmi upp að aflýsa þyrfti mótum og kynnti aðildarfélögunum.

Ekki sé um það deilt að reglur stjórnarinnar séu hlutlægar, málefnalegar og tryggja aðildarfélögum fyrirsjáanleika ef upp komi þær aðstæður að aflýsa þurfi mótshaldi.

Þá bendir kærði á að á stjórn KSÍ hvíli sú skylda að tryggja að fyrirkomulag keppnishalds hér á landi samræmist skuldbindingum sambandsins vegna aðildar að FIFA/UEFA, sem og skuldbindingum einstakra félaga og leikmanna, og skuldbindingum vegna félagaskipta- og landsleikjafímabíla. Þá séu ótaldir fjölmargir aðrir þættir sem eiga sérstaklega við hér á landi og snúa að t.d. óvissu tíðarfari, ástands valla, lýðheilsu, samgöngum yfir vetrartímann, og kostnaði félaga af því að halda úti starfsemi um óvissan tíma o.fl.

Þessi staða og alþjóðleg samræming á keppnisfyrirkomulagi sé enn frekari rök gegn því að dómstólar KSÍ, eða aðildarfélag, geti knúið fram aðra niðurstöðu á fyrirkomulagi mótahalds en stjórn KSÍ hafi ákveðið.

Þá hafnar kærði því að það hafi borið að kalla saman aukafing sambandsins til að setja reglur eða lög um viðbrögð við Covid 19.

Lög KSÍ séu alveg skýr um það að stjórn KSÍ fari með æðsta vald í sambandinu milli þinga. Að auki sé sérstaklega kveðið á um það í lögum sambandsins að það sé hlutverk stjórnarinnar að bregðast við og taka ákvarðanir ef upp koma meiriháttar utanaðkomandi atburðir sem bregðast þarf við, sbr. gr. 44.1. Yrði aukafing sambandsins kallað saman hefði það engar heimildir til að taka ákvarðanir í þá veru sem kærandi heldur fram. Ábyrgðin og skyldan liggja hjá stjórn KSÍ og hún taki lokaákvörðun um viðbrögðin.

Kærði telur óumdeilt að ekki voru fyrir hendi lagaákvæði sem fjalli um viðbrögð við því þegar utanaðkomandi aðstæður standa í vegi fyrir því að hægt sé að ljúka móti og hvernig beri að ákvarða úrslit og rétt til þátttöku í Evrópukeppni, ef svo ber undir. Stjórn KSÍ hafi því bæði verið rétt og skylt að setja fyrst reglugerð um viðbrögð við slíkum aðstæðum og síðan að taka ákvörðun um að hætta keppni og ákveða úrslit í mótinu.

Hvað varðar málsástæðu kæranda um vanhæfi formanns og varaformanns stjórnar KSÍ þá áréttar kærði að viðkomandi aðilar gegna hvorki trúnaðarstöfum fyrir umrædd félög né eru fyrirvarsmenn þeirra.

Ekki sé rétt hjá kæranda að engar reglur hafi verið settar um sérstakt hæfi stjórnarmanna. Í grein 16.3. í lögum sambandsins sé kveðið á um það að stjórn KSÍ skuli starfa eftir starfsreglum sem hún setur sér. Núverandi starfsreglur stjórnar séu frá 11. apríl 2019 og í 10.

gr. þeirra sé að finna reglur um hæfi stjórnarmanna til að taka þátt í einstaka ákvörðunum stjórnar.

Hvorki samkvæmt fyrrgreindum reglum um hæfi, eða samkvæmt reglum stjórnarsýslulaga sem kærandi vísi til, hafi formaður eða varaformaður verið vanhæfir til að taka þátt í setningu reglugerðar um viðbrögð við Covid eða taka þátt í hinni kærðu ákvörðun stjórnar KSÍ um að hætta keppni og ákvarða úrslit þann 30. október s.l. Hafi þessir stjórnarmenn engra persónulegra hagsmuna átt að gæta og aðild þeirra að félögum sem töldust sigurvegarar samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar hafi heldur ekki þau áhrif að þau teljist hafa „átt sérstaka og verulega hagsmuni að gæta umfram aðra“.

Séu þetta jafnframt sömu sjónarmið og almennt séu lögð til grundvallar við mat á hæfi.

V.

Niðurstaða:

Kærandi krefst þess að ákvörðun stjórnar KSÍ frá 30. október 2020 um að hætta keppni í Íslandsmótum og bikarkeppni KSÍ verði felld úr gildi. Kærandi byggir á því að stjórn KSÍ hafi verið óheimilt að setja reglugerð um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónuveiru 17. júlí 2020, þar sem hún sé andstæð lögum KSÍ og rekst að auki á við aðrar reglugerðir. Byggt er á því að reglugerðin rekist efnislega á grein 33.4 í lögum KSÍ um fyrirkomulag keppni í landsdeildum, þar sem kveðið er á um að í öllum landsdeildum karla og kvenna sé leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin sé stigakeppni.

Kærði krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað og vísar til þess að Covid reglugerðin breyti ekki leikfyrirkomulagi Íslandsmótsins, heldur fjalli hún um það hvernig skuli bregðast við ef ekki reynist unnt að ljúka Íslandsmótinu með þeim hætti sem grein 33.4 í lögum KSÍ kveður á um. Hvorki sé í grein 33.4. né í öðrum ákvæðum laga KSÍ eða reglugerðum að finna reglur um það hvernig skuli bregðast við og ákveða úrslit ef ekki takist að ljúka móti vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

Nánast allt árið 2020 hefur geisað lífshættulegt veirusmit í veröldinni og hafa Íslendingar eins og flestar þjóðir heims orðið fyrir bardínu á því. Veiran hefur haft gríðarleg áhrif og hefur íþróttahreyfingin ekki farið varhluta af því.

Fyrir liggur að Knattspyrnuþing KSÍ fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög. Stjórn KSÍ fer með æðsta vald í málefnum KSÍ á milli knattspyrnuþinga.

Í 17. gr. laga KSÍ er mælt er fyrir um starfssvið stjórnar KSÍ. Undir starfssvið stjórnar fellur m.a. að setja nauðsynlegar reglur og bráðabirgðaákvæði um knattspyrnumál á Íslands, sbr. 5. tl. 17.1.

Samkvæmt grein 44.1 í lögum KSÍ hefur stjórn KSÍ lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi knattspyrnuna innan vébanda ÍSÍ, sem lög KSÍ eða reglugerðir KSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess. Með vísan til þessa ákvæðis, ásamt 28. og 33. gr., sbr. 20. gr. laga KSÍ, setti stjórn KSÍ Covid reglugerðina 17. júlí

2020. Það er álit aga- og úrskurðarnefndar að stjórn KSÍ hafi með setningu ofangreindrar reglugerðar verið að bregðast við meiriháttar utanaðkomandi atburðum. Ákvæði reglugerðarinnar lúta að því með hvaða hætti ljúka skuli mótum sem ekki tekst að ljúka vegna Covid-19, þar sem slíkum ákvæðum var ekki til að dreifa í reglugerðarsafni KSÍ.

Með vísan til þessa fellst aga- og úrskurðarnefnd á sjónarmið kærða í málinu um að reglugerðin breyti ekki leikjafyrirkomulagi Íslandsmótsins. Samkvæmt því stangast reglugerðin ekki á við lög KSÍ eins og kærandi heldur fram.

Það er álit aga- og úrskurðarnefndar að fullnægjandi lagagrundvöllur sé fyrir setningu Covid reglugerðarinnar í lögum KSÍ. Með vísan til þessa er þeirri málsástæðu kæranda að stjórn KSÍ hafi verið óheimilt að setja reglugerð um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónuveiru 17. júlí 2020, þar sem hún sé andstæð lögum sambandsins og stangist að auki á við aðrar reglugerðir, hafnað.

Kærandi byggir einnig á því að hluti stjórnar KSÍ hafi verið vanhæfur til ákvarðanatöku í málinu þar sem lið þeirra hafi haft beinan hag af ákvörðuninni. Vísað er til þess að fjallað sé um hæfi stjórnar KSÍ í 15. gr. laga KSÍ. Þar sé hins vegar ekki kveðið á um hvenær stjórnarmenn sem séu hæfir til stjórnarsetu verða vanhæfir. Hins vegar megi draga ályktun af kröfum laga KSÍ að um hæfi skuli fara eftir almennum stjórnarsýslulögum. Er í því sambandi vísað til þess að áskilnaður sé um að nefndarmenn í aga- og úrskurðarnefnd og kjaranefnd KSÍ uppfylli hæfisskilyrði stjórnarsýslulaga. Fram kemur að hver einasti stjórnarmaður KSÍ hafi einhver tengsl við félög sem eiga hagsmuni af hinni kærðu ákvörðun. Þannig sé formaður KSÍ félagi í Val sem verður Íslandsmeistari við ákvörðun stjórnarinnar og sé því vanhæfur skv. 1. og 6. tl. 3. gr. stjórnarsýslulaga. Sama gildi um varaformann KSÍ en félag hennar Breiðablik verði Íslandsmeistari við ákvörðun stjórnarinnar. Samkvæmt þessu hafi stjórn KSÍ ekki haft heimild til þess að taka hina kærðu ákvörðun. Auk þess sé meginþorri stjórnarmanna vanhæfir til ákvarðanatöku.

Samkvæmt 1. tl. 3. gr. stjórnarsýslulaga er nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls ef hann er fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila. Samkvæmt greinargerð um 1. tl. 3. gr. sem fylgdi frumvarpi til stjórnarsýslulaga er nefndarmaður vanhæfur ef hann er sjálfur aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila. Fyrirsvarsmaður telst t.d. forstjóri eða framkvæmdastjóri fyrirtækis, félags eða stofnunar. Þar falla einnig undir þeir menn sem sæti eiga í stjórn fyrirtækis, félags eða stofnunar. Umboðsmaður aðila telst sá sem kemur fram í máli fyrir hönd aðila á grundvelli sérstaks umboðs sem veitt er í tilefni af meðferð hlutaðeigandi stjórnarsýslumáls.

Samkvæmt 6. tl. 3. gr. er nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls, ef að öðru leyti eru fyrir hendi aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Samkvæmt greinargerð um 6. tl. 3. gr. sem fylgdi frumvarpi til stjórnarsýslulaga segir að til þess að starfsmaður teljist vanhæfur á grundvelli hinnar matskenndu hæfisreglu 6. tl. verður hann að hafa einstaklega hagsmuni af úrlausn málsins, svo sem ágóða, tap eða óhagræði.

Með vísan til ofangreinds verður ekki talið að vanhæfisreglur 1. og 6. tl. 3. gr. stjórnarsýslulaga eigi við um stjórn KSÍ í þessu máli.

Hér undir fellur einnig ákvæði 10. gr. í starfsreglum stjórnar, þar sem kveðið er á um að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri megi ekki taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa þar sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra.

Jafnframt kemur hér til skoðunar ákvæði 3. gr. í siðareglum KSÍ um hagsmunaárekstra. Samkvæmt því skulu stjórnarmenn og starfsmenn gefa upp alla þá sérhagsmuni sem kunna að tengjast hlutverki þeirra fyrir KSÍ. Það teljast hagsmunaárekstrar ef fulltrúar eiga, eða virðast eiga, persónulegra hagsmuna að gæta sem draga úr hæfi þeirra til að rækja skyldur sínar. Persónulegir hagsmunir fela m.a. í sér að öðlast hvers konar hagnað fyrir sjálfan sig, fjölskylduna, ættingja, vini og kunningja.

Ekkert liggur fyrir í málinu um að slíku sé til að dreifa hjá stjórnarmönnum KSÍ í þessu máli.

Ákvörðun stjórnar var almenn, byggð á þeim reglum sem settar voru í júlí þegar óljóst var hvernig yrði með framhaldið á mótum KSÍ. Ákvörðunin varðaði með einhverjum hætti hagsmuni allra liða í þeim deildum sem ákvörðunin snéri að og snéri þannig ekki að einstökum liðum sérstaklega.

Að öllu þessu virtu er það álit aga- og úrskurðarnefndar að ekki hafi verið fyrir hendi þær aðstæður hjá stjórn KSÍ sem valdi því að hún hafi ekki haft heimild til að taka hina kærðu ákvörðun á grundvelli vanhæfis. Málsástæðu kæranda hvað þetta varðar er því hafnað.

VI.

Úrskurðarorð:

Kröfum kæranda er hafnað.


Halldór Frímansson


Sigurður I. Halldórsson


Þróstur Ríkharðsson

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.